

# AUGLÝSING

## um breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, nr. 559/2001, með áorðnum breytingum.

Samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, er öðlist gildi við birtingu:

### Kafli III. Tengigjöld.

Liður 3 „Hitaveitur“ fellur niður og í stað hans komi:

#### Tengigjöld hitaveitu.

- |     |                                                   |         |
|-----|---------------------------------------------------|---------|
| 1.1 | <i>Tengigjöld fyrir þéttbýli.</i>                 | kr.     |
|     | Tengigjald fyrir hverja 20 mm heimæð er .....     | 120.000 |
|     | Fyrir hverja mælagrind umfram eina greiðast ..... | 45.600  |
- 1.2 *Takmörkun.*  
RARIK er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til.
- 1.3 *Aukakostnaður.*  
Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, samkvæmt grein 1.1, skal greiða þann áætlaða kostnað sem er umfram 50%.
- 1.4 *Dreifbýli, frávik og breytingar.*  
Gjöld fyrir dreifbýli og aðrar stærðir en um getur að ofan, svo og breytingar, greiðist samkvæmt skriflegu tilboði hverju sinni.
- 1.5 *Endurtenging.*  
Sé veitu lokað um lengri tíma en 6 mánuði, má búast við aftengingu heimæðar. Falli notkun um heimæð niður í að minnsta kosti 5 ár, telst heimæð aflögð, og þarf að greiða fullt tengigjald hefjist notkun að nýju. Fyrir skemmri tíma greiðist fastagjald samkvæmt taxta H.1 fyrir hvert ár sem liðið er frá aftengingu, auk endurtengingargjalds 18.600 kr.
- 1.6 *Breytingar.*  
Breytingar, aðrar en stækkun á heimæð, eru háðar framkvæmdaáætlun RARIK hverju sinni.
- 1.7 *Annað.*  
Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts. Heimæðar eru í eigu RARIK, en með greiðslu tengigjalda öðlast notandi afnotarétt. Tengigjöld skulu greidd áður en framkvæmd hefst.

*Iðnaðarráðuneytinu, 30. mars 2004.*

**Valgerður Sverrisdóttir.**

*Kristján Skarphéðinsson.*